
Fundargerð ársfundar 2023

Lífeyrissjóður Tannlæknafélags Íslands

Aðalfundur Lífeyrissjóðs Tannlæknafélags Íslands haldinn þann
2. júní 2023 kl. 16:00 Í útibúi Landsbankans Austurstræti 11.

Gögn sem lágu fyrir á fundinum og höfðu jafnframt verið kynnt á heimasíðu sjóðsins:

- Ársreikningur ársins 2022

Sigurgísli Ingimarsson, formaður stjórnar sjóðsins setti fundinn og bauð fundarmenn velkomna. Hann tilnefndi Börk Thoroddsen, tannlækni, í starf fundarstjóra. Ekki voru gerðar athugasemdir við þessa tilnefningu og var hún samþykkt með lófataki. Börkur Thoroddsen tók til máls og þakkaði fundarmönnum traustið og tilnefndi Gústav Gústavsson, starfsmann Landsbankans, í starf fundarritara.

Dagskrá fundarins:

1. Skýrsla stjórnar - Sigurgísli Ingimarsson
2. Kynning ársreiknings- 2022
- Ólafur Páll Gunnarsson
3. Gerð grein fyrir tryggingafræðilegri úttekt 2022
- Bjarni Guðmundsson
4. Fjárfestingarstefna 2023
- Ólafur Páll Gunnarsson
5. Kosning stjórnar
6. Tillögur um breytingar á samþykktum sjóðsins
7. Laun stjórnarmanna
8. Kjör endurskoðanda
9. Önnur mál

1. Skýrsla stjórnar

Sigurgísli Ingimarsson flutti skýrslu stjórnar:

„Fundarstjóri, sjóðfélagar og aðrir fundargestir.

Rekstrarár Lífeyrissjóðs tannlækna árið 2022 reyndist sjóðnum afar erfitt líkt og hjá öllum öðrum lífeyrissjóðum. Raunávöxtun beggja deilda sjóðsins þ.e. séreigna- og sameignadeildar var neikvæð um 16% miðað við vísitölu neysluverðs sem er lakasta ávöxtun sjóðsins frá efnahagshruninu. Þetta hefur veruleg áhrif á langtíma raunávöxtun sjóðsins þannig er meðaltal hreinnar raunávöxtunar síðustu 10 ára um 3,5%

Árið einkenndist af miklum óróleika á alþjóðlegum mörkuðum og aukinni verðbólgu innanlands sem og erlendis. Þannig urðu miklar sviptingar á eignamörkuðum, meðal annars vegna áframhaldandi stríðsátaka í Úkraínu og orkumála í Evrópu.

Innlend verðbólga hélt áfram að aukast á árinu var í hæstu hæðum og reyndist ársverðbólgan 9,6% og gáfu bæði hlutabréfa- og skuldabréfamarkaðir verulega eftir á árinu. Það er afar sérstakt að báðir þessir markaðir lækki og hefur slíkt vart átt sér stað áður. Lífeyrissjóðir eru hins vegar langtímafjárfestar og horfa til langtímaávöxtunar. Vextir héldu áfram að hækka, sem leið Seðlabankans til að ná böndum á verðbólgunni og standa nú í 8,75%. Á sama tíma hafa skuldir hins opinbera og haldið áfram að hækka sem dregur enn frekar úr hagvexti. Skuldir heimilinna hafa einnig aukist verulega sem dregur verulega úr innlendri neyslu og enn frekar úr aukningu hagvaxtar.

Spár Hagstofunnar og ýmissa greiningaraðila eru að hagvöxtur þessa árs verði um 5% og er rökstudd m.a. með mikilli aukningu erlendra ferðamanna, metnaðarfullum áformum í fiskeldi, orkuskiptum, lyfjaiðnaði, tæknigreinum og fleiri atvinnugreinum. Ýmsir ófyrirséðir atburðir geta þó haft neikvæð áhrif innlandan hagvöxt eins og hæga gangur og jafnvel niðursveifla í okkar viðskiptalöndum, vaxtahækkanir um allan heim og svo áframhaldandi stríðsátök í Úkraínu. Einnig geta óraunhæfir kjarasamningar í byrjun næsta árs haft hér verulega neikvæð áhrif.

Hækkandi vaxtastig og verðbólga hafa veruleg áhrif á eignasöfn lífeyrissjóðanna. Þannig eru skuldbindingar lífeyrissjóðanna að fullu verðtryggðar en eignasafnið sem stendur undir þeim er það að jafnaði ekki sem er blandað safn skuldabréfa og hlutabréfa. Áhrif verðbólgu og hækkandi vaxta

koma því bæði fram á eigna og skuldbindingahlíð lífeyrissjóðanna. Þannig eykst skuldbinding í verðbólgu en á sama tíma rýrnar eignasafnið vegna hækkandi vaxta. Í slíku árferði er vægi blandaðs eignasafns afar mikilvægt. Því er afar mikilvægt að erlend verðbréf sé verulegur hluti af eignasafni lífeyrissjóða til að vinna gegn þessum áhrifum hækkandi vaxta og verðbólgu. Í þessu sambandi er vert að nefna að erlendar eignir LTFÍ hafa hækkað jafnt og þétt á undanförunum árum og eru þær nú um 42% af eignasafninu.

Eins og áður sagði þá er staða þjóðarbúsins erfið og var verulegur halli á viðskiptajöfnuði við útlönd í lok árs. Hins vegar var hrein staða þjóðarbúsins við útlönd í lok ársins jákvæð sem nemur um 25% af vergri landsframleiðslu sem verður að teljast jákvætt og er Ísland þar í flokki afar fárra landa innan OECD.

Hagvöxtur ársins reyndist þvert á spár jákvæður og mældist rúm 6%. Atvinnuleysi minnkaði jafnt og þétt og er óðum að nálgast fyrri mörk. Launaþróun var upp á við allt árið sem skilaði sér aukinni einkaneyslu sem skýrir að nokkru leiti hinn jákvæða hagvöxt ársins. Núverandi kjarasamningar runnu sitt skeið á enda í lok ársins og var samið um hóflegar kauphækkningar en því miður til afar stutts tíma og var undirskriftarblekið á samningunum varla þornað þegar farið var ræða um nýjar kröfur launþega.

Lífeyrisþegum fjölga nú afar hratt, og mun þeim fjölga verulega á næstu árum. Þeir voru tæplega 35000 árið 2010 en 53100 í byrjun árs 2021 og er það tæplega 50% fjölgun og ef spár ganga eftir verða þeir 63100 árið 2030. Öfugt við flest önnur lönd Evrópu mun þetta ekki hafa neikvæð áhrif á hagkerfið heldur trúlega jákvæð þar eð íslenska lífeyriskerfið byggir á því að hver og ein kynslóð safnar í eigin sjóð en ekki gegnumstreymiskerfi, líkt og í flestum Evrópulöndum, þar sem yngri kynslóðir og skattgreiðendur bera kerfin uppi. Nú og á næstu árum hefja stórir hópar töku lífeyris úr almenna lífeyriskerfinu sem munu njóta ríflegs lífeyris. Þetta mun hafa margvísleg jákvæð efnahagsleg áhrif eins og aukna eftirspurn eftir íbúðum og ýmiss konar þjónustu sem hentar þessum aldurshópi. Þar má t.d. nefna menningu, þjónustu veitinga- og gististaða, ferðaþjónustu o.s.frv. enda hefur þessi hópur mun rýmri fjárráð en þeir sem yngri eru.

Það er því afar brýnt að íslenska efnahagskerfið rísi sem fyrst upp úr þeim öldudal sem það er nú í. Stór þáttur í að svo megi verða er að erlend þátttaka á innlendum verðbréfamarkaði aukist hröðum skrefum. Afar jákvætt skref í þá átt var að íslenskur hlutabréfamarkaður varð á þessu ári fullgildur í hópi nýmarkaðsríkja hjá vísitölufyrirtækinu FTSE Russel. Næstu skref í þess átt er svo uppfærsla frá vísitölufyrirtækinu MSCI en umtalsvert fleiri og stærri fjárfestingarsjóðir fylgja vísitölum MSCI en FTSE.

Samkvæmt Lánamálum ríkisins eiga erlendir aðilar aðeins um 5% markaðsvirði innlendra ríkisskuldabréfa. Í alþjóðlegum samanburði er þetta afar lágt hlutfall. Samkvæmt nýjustu gögnum Alþjóða gjald-eyrissjóðsins er hlutfall þetta um 35% að meðaltali hjá þróuðum ríkjum og 32% hjá nýmarkaðsríkjum. Hér því afar mikilvægt fyrir íslenskan efnahag að þetta hlutfall aukist til muna. Til að svo verði, þarf að gera allt til að styrkja markaðinn til að laða erlenda fjárfesta að honum. Íslenski verðbréfamarkaðurinn hefur talsverða möguleika til aðgreiningar frá öðrum mörkuðum. Hér eru fyrirtæki sem byggja starfsemi sína á sjálfbærri orku- og auðlindanýtingu. Hugverkaiðnaðurinn er í mikilli sókn og hefur alþjóðlega vaxtarmöguleika. Síðast en ekki sízt þá er ferðaþjónusta hér í mikilli sókn með aðgengi að einstakri náttúru og viðernum sem eru að verða afar fágæt í heiminum í dag.

Það er því afar mikilvægt að íslensk stjórnvöld haldi hér vel á spöðum. Nýjasta útspil fjármálaráðherra í málefnum Íbúðarlánasjóðs gætu í þessu sambandi reynst afar dýrkeypt og haft ófyrirsjáanlegar afleiðingar hvað trúverðugleika og traust varðar, ná þau fram að ganga.

Það er í þessu sambandi vert að vekja athygli á því að á Íslandi er eitt öflugasta söfnunarkerfi félagslegra lífeyrisréttinda í heimi. En við erum þó þannig frábrugðin þeim fáu þjóðum er státa af álíka öflugum lífeyriskerfi að því leiti að þær þjóðir gæta þess að ávaxta stærstan hluta sparnaðarins utan eigin hagkerfis. Þetta er gert til að draga úr hættu á bólu-myndun og annarri röskun á heimamarkaði og verja þannig hag lífeyrisþeganna.

Því er gjarnan haldið fram að íslenska lífeyriskerfið sé illa rekið og rekstrarkostnaður þess sé óeðlilega háur. Þvert á móti er þetta kerfi afar vel rekið og er árlegur rekstrarkostnaður þess um 0.17% af heildareignum fjárfestingargjöld nema um 0.06% þannig er samanlagður rekstrarkostnaður þess um 0.23

af heildareignum sem er með því al lágsta meðal þjóða innan OECD. Þannig ættu þeir sem hæst láta í þessum efnum fremur að þakka stjórnnum og stjórnendum sjóðanna fyrir vel unnin störf og hætta að hafa áhyggjur af kostnaði sem í öllum samanburði stenst það sem best gerist bæði hérlendis og erlendis.

Rekstri sjóðsins er sem fyrr út vistað til Landsbankans og stjórn sjóðsins fundaði reglulega árinu samkvæmt fundaráætlun með framkvæmdastjóra, fjárfestingastjóra og áhættustjóra sjóðsins.

Á milli reglubundinna funda, átti formaður stjórnar fundi með framkvæmdastjóra sjóðsins um mál sem upp komu milli reglubundinna funda stjórnar LTFÍ.

Eins og undangengin ár starfaði stjórn LTFÍ samkvæmt varfærinni stefnu í fjárfestingum okkur á s.l. ári. Í lok ársins lagði stjórn og rekstraraðili Lífeyrissjóðs Tannlækna ítarlega vinnu í mótun fjárfestingarstefnu sjóðsins fyrir árið 2023. Þar var eins og áður sagði lögð áhersla á að auka verulega vægi erlendra fjárfestinga. Dregið var úr vægi innlendra hlutabréfa á sama tíma. Viðhaldið verður sem fyrr vægi ríkisskuldabréfa og skuldabréfa traustra fyrirtækja. Áfram verður boðið upp á lán til sjóðfélaga. Áfram er lögð áhersla á seljanleika eigna sjóðsins á ásættanlegu verð bili. Þannig voru um um 86% eigna séreignadeildar seljanlegar innan viku á ásættanlegu verðbili í lok árs 2022. Með þessu er sjóðurinn á hverjum tíma vel í stakk búinn til að mæta skyndilegu útstreymi úr séreignadeild hans.

Lífeyrissjóður Tannlækna er að stærstum hluta séreignasjóður og geta sjóðfélagar valið fjórar leiðir við öflun lífeyrisréttinda og lágmarkstryggingaverndar.

Stjórn sjóðsins hélt á árinu kynningu á sjóðnum fyrir tannlæknanema í húsakynnum Landsbankans. Þetta er liður í því að auka nýgengi inn í sjóðinn. Þessi kynning tókst afar vel og áhugi unga fólksins á lífeyrismálum var mikill og sköpuðust líflegar umræður. Mæting á þessa kynningu var afar góð og óskuðu þau öll eftir að fá að ganga í sjóðinn.

Á árinu, líkt og hjá öðrum lífeyrissjóðum, voru að skipan fjármála- og efnahagsráðuneytisins réttinda-töflur Lífeyrissjóðs Tannlækna teknar til endurskoðunar. Þetta var gert í ljósi þess að lífslíkur þjóðarinnar eru stöðugt að aukast sem skeykir tryggingafræðilega stöðu sjóðsins. Við þessu varð að bregðast og var því samtryggingariðgjald hækkað í öllum fjórum útgreiðsluleiðum sjóðsins.

Lífeyrissjóður Tannlækna stendur vel undir framtíðarskuldbindingum sínum og er tryggingafræðileg staða hans góð þó hún hafi aðeins versnað milli ára vegna neikvæðrar ávöxtunar en Bjarni Guðmundsson tryggingastærðfræðingur sjóðsins mun fara nánar yfir þau mál og á orðnar breytingar hér á eftir.

Við skulum hafa það hugfast þegar rætt er um tryggingafræðilega stöðu lífeyrissjóða að þá er verið að ræða um skuldbindingar er lúta að samtryggingadeildum lífeyrissjóða. Lífeyrissjóður Tannlækna er jú að langstærstum hluta séreignasjóður þar sem inneign sjóðfélagans er að fullu erfanleg. Þannig snertir tryggingafræðilega staðan sjóðfélaga í LTFÍ frekar lítið. Það er engu að síður mikilvægt að hún sé í jafnvægi.

Um mitt ár voru gerðar breytingar á lögum um lífeyrissjóði. Þannig var lágmarksiðgjald hækkað úr 12% í 15,5% og er sjóðfélaga heimilt að ráðstafa þessari iðgjaldahækkun að stærstum hluta til tilgreindrar séreignar en því aðeins að svo sé um kveðið í samþykktum viðkomandi lífeyrissjóðs. Slíkt ákvæði liggur fyrir í samþykktum Lífeyrissjóðs. Annars mun Ólafur Páll Framkvæmdastjóri vera til svara um aðrar breytingar á lögum um lífeyrissjóði hér á eftir.

Eins og áður sagði þá er rekstri LTFÍ út vistað til Landsbanka Íslands og hefur það samstarf gengið hnökralaust og í raun afar vel. Endurskoðunarnefnd LTFÍ starfaði á síðasta ári samkvæmt skipunarbréfi. Nefndarmenn hennar, skipaðir af stjórn LTFÍ voru Gísli Vilhjálmsson og Þórólfur Ólafsson tannlæknar og Jóni Gunnsteinn Hjálmarsson löggiltur endurskoðandi.

Hlutverk nefndarinnar er sem fyrr að hafa eftirlit með vinnuferli við gerð reikningsskila svo og virkni innra eftirlits og áhættustýringu. Enn fremur eftirlit með endurskoðun ársreiknings, mat á óhæði endurskoðanda svo og að koma með tillögu til stjórnar um val á endurskoðanda til næsta árs. Ég vil þakka þeim fyrir góð og vel unnin störf.

Það bar til tíðinda á árinu að stjórn LTFÍ ákvað að segja sjóðinn úr Landssamtökum Lífeyrissjóða(LL).

Ástæður þessa voru þær helstar að við í stjórn LTFÍ höfum lengi verið þeirrar skoðunar að LL dragi fyrst og fremst taum stóru lífeyrissjóðanna á kostnað þeirra minni. Þetta kom glögg í ljós þegar eftirlitsgjald á lífeyrissjóði var hækkað. Þannig er gjaldið t.d. tífalt hærra á hvern sjóðfélaga LTFÍ í samanburði við LSR.

Einnig hefur árgjald LL hækkað verulega og var svo komið að væri það reiknað út sem hlutfall af hreinni eign eða iðgjöldum var það helmingi hærra hjá LTFÍ en hjá öðrum sjóðum innan LL. Við töldum því að við svo mætti ekki lengur búa og að þessum fjármunum væri því betur varið hjá sjóðfélögum LTFÍ og kvöddum því þessi samtök fyrir fullt og fast.

Íslenska lífeyriskerfið er í stöðugri mótun og oftast er það svo að við fulltrúar hinna minni lífeyrissjóða erum sjaldan eða aldrei kallaðir til slíkrar vinnu. Það er hins vegar afar ánægjulegt að geta þess að nú þegar hefur verið skipaður starfshópur um gerð svokallaðrar Grænbókar um lífeyriskerfið, að í þessum hópi er okkar ágæti framkvæmdastjóri Ólafur Páll Gunnarsson. Þannig getum við í stjórn LTFÍ óbeint komið að okkar sjónarmiðum í gerð þeirrar bókar.

Íslenska lífeyriskerfið hefur vaxið mikið á undanförunum árum og verður að teljast ein af mikilvægustu auðlindum Íslands. Heildareignir lífeyriskerfisins nema um 200% af vergri landsframleiðslu sem er framúrskarandi árangur í samanburði við aðrar þjóðir. Við stöndum því mikilli þakkarskuld fyrir framsýni þeirra sem komu þessu góða kerfi á fót fyrir rúmri hálfri öld.

Að þessu sögðu vil ég þakka öllum félögum mínum í stjórn fyrir afar ánægjulegt og árangursríkt samstarf á síðasta ári svo og ágætu starfsfólki Landsbankans og vil ég þar sérstaklega nefna Ólaf Pál Gunnarsson framkvæmdastjóra LTFÍ.

Ég horfi því sem fyrr björtum augum fram á veginn og vona að næsta rekstrarár verði LTFÍ hagfellt og þakka ég fyrir mig.

Lifið heil.“

2. Ársreikningur 2022

Fundarstjóri gaf því næst Ólafi Páli Gunnarssyni orðið og gerði hann grein fyrir ársreikningi sjóðsins fyrir árið 2022. Ársreikningur var lagður fram á fundinum. Ársreikningurinn var staðfestur af stjórn og framkvæmdastjóra og á ritaður af endurskoðanda sjóðsins þann 27.04.2023 Ólafur fór yfir lykil-

tölur í ársreikningnum. Ársreikningur Lífeyrissjóðs Tannlæknafélags Íslands er birtur í einu lagi bæði séreigna og sameignadeild. Ársreikninginn ásamt skýringum má nálgast á heimasíðu sjóðsins.

3. Tryggingafræðileg úttekt 2022

Bjarni Guðmundsson fékk næst orðið og gerði grein fyrir tryggingafræðilegri úttekt sjóðsins á árinu 2022. Fram kom að úttektin væri aðgengileg í ársreikningi á heimasíðu sjóðsins og fundarmenn gætu glöggvað sig betur á henni þar. Bjarni gerði einnig grein fyrir reikniforsendum úttektarinnar og aðferðum. Sam-

kvæmt útreikningum Bjarna voru heildareignir samtryggingadeildar 6,2% lægri en heildarskuldbindingar deildarinnar. Áfallin staða var því neikvæð um 283,4 m.kr. eða sem nemur -11,9% af áfallinni skuldbindingu. Framtíðarskuldbinding er um 6,3 m.kr. lægri en eignir eða sem nemur 0,3%.

4. Fjárfestingarstefna 2023

Fundarstjóri gaf Ólafi Frímanni Gunnarssyni orðið og hann fór yfir fjárfestingarstefnu 2023. Fjárfestingarstefnan var samþykkt af stjórn sjóðsins þann 23. nóvember 2022 og má hana finna á heimasíðu sjóðsins. Hlutfall sjóðfélaga sem hafa náð 60 ára aldri er 45,3% og þarf því stórt hlutfall af eignum sjóðsins að vera í eignum sem teljast seljanlegar, þ.e. að hægt sé að selja eignirnar á ásættanlegu verðbili á tiltölulega skömmum tíma. Hlutfall seljanlegra eigna er rúmlega 79,3% af eignum sjóðsins. Engar breytingar voru gerðar á fjárfestingarstefnu sjóðsins á milli ára.

Fundarstjóri, sagði orðið laust ef einhver fundarmanna vildi gera athugasemd við fyrstu fjóra liðina á dagskrá fundarins.

Fundarstjóri opnaði fyrir umræður og fyrirspurnir vegna dagskrárliða nr. 1 til 4. Engar spurningar voru bornar upp. Fundarstjóri bar því næst ársreikning ársins 2022 fram til samþykktar og var hann samþykktur samhljóða.

5. Kosning stjórnarmanna

Kjósa þurfti einn stjórnarmann til þriggja ára og bauð Heiðdís Halldórsdóttir stjórnarmaður sig fram til áframhaldandi setu. Engin fleiri framboð bárust á fundinum og fékk Heiðdís því einróma kosningu.

6. Tillögur um breytingar á samþykktum sjóðsins

Tillögur til samþykktarbreytinga þurfa að berast stjórn sjóðsins með skriflegum hætti fjórum vikum fyrir ársfund. Engar samþykktabreytingar voru lagðar til að þessu sinni.

7. Ákvörðun um laun stjórnar

Formaður stjórnar fékk orðið og gerði grein fyrir tillögu stjórnar um þóknun til stjórnarmanna.

Samkvæmt henni skyldu stjórnarlaun hækka um 9% sem er í takt við hækkun launavísitölu frá apríl 2022 – apríl 2023. Stjórn LTFÍ leggur til að stjórnar-

laun verði kr. 44.700 á mánuði, fimmfalt fyrir stjórnarformann eða kr. 223.500 og tvöfalt fyrir varaformann eða kr. 89.400. Fundarstjóri bar tillögu undir fundarmenn og var hún samþykkt með öllum atkvæðum.

8. Kjör endurskoðanda

Tillaga stjórnar að endurskoðanda sjóðsins árið 2023 var svohljóðandi: Baker Tilly endurskoðun (áður Rýni endurskoðun), Suðurlandsbraut 18.

Fundarstjóri bað fundarmenn að gefa merki um afstöðu þeirra til tillögunnar. Enginn var á móti og var tillagan samþykkt með öllum greiddum atkvæðum.

9. Önnur mál löglega borin fram

Magnús vill betri kynningu fyrir sjóðfélaga allt varðandi starfslok hvernig skuli standa að lokum á greiðslum í sjóðinn t.d. vegna aldurs og útgreiðslum til sjóðfélaga. Sigurgísli stakk upp á því að hafa kynningu hjá félagi tannlækna og taka með sér fulltrúa lífeyrisþjónustu sjóðsins. Margrét talar um betri heimasíðu sjóðsins samhliða þessu sem er í vinnslu

Fundi slitið kl. 17:00

Á fundinn voru mættir 7 sjóðfélagar sem fara samtals með 0,1% af atkvæðarétti.

